

Nordisk Navigatörkongress er samband skipstjóra- og stýrimannafélaga á Norðurlöndum og hittast systurfélögin tvisvar á ári til skrafs og ráðagerða. Sá háttur hefur verið hafður á að fyrri fundurinn ár hvert er haldinn seint í janúar og þá til skiptis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og seinni fundurinn síðsumars oftast seinni partinn í ágúst til skiptist í Finnlandi, Færeyjum og á Íslandi. Það er komið að okkur að halda næsta sumarfund, væntanlega í Vestmannaeyjum, en fundirnir hafa verið haldnir í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði á undanförunum árum. Síðasti sumarfundur samtakanna var í Færeyjum í september 2019 og fengum við frábærar viðtökur frá frændum okkar eins og við mátti búast. Til umræðu á þessum fundum eru mál aðallega tengd siglingum og kjaramálum sjómanna, þróun þeirra, launahækkanir milli ára en einnig má nefna ýmsar nýjungar í greininni, regluverk o.þ.h. Öryggismál sjómanna koma líka oftast við sögu og slysfarir ef einhverjar eru, atvinnuleysi í greininni og almennt í löndunum, efnahagsástand, gengi gjaldmiðla, verðbólga, vextir o.s.frv. Skipstjórnarnám og námskeið er til umfjöllunar af og til, björgunarmál á norðurslóðum, eftirlit og samvinna þjóðanna sem eiga aðild að NATO og svona mætti lengi telja. Fundarformið er nokkuð íhaldssamt, t.d. flytur hvert stéttarfélag skýrslu um starfsemina frá síðasta fundi og hvað framundan er, það er fastur liður á hverjum fundi.

Á vetrarfundunum er siglingastjórum eða fulltrúum þeirra boðið að sitja fundina og upplýsa fundargesti um það sem efst er á baugi varðandi siglingar og öryggi sjófarenda í hverju landi og annað sem þeir vilja kynna okkur og koma á framfæri.

Á síðasta fundi var Covid til umræðu eins og gefur að skilja, þróun sjúkdómsins í hverju landi, smittölur, sóttvarnir, skimanir og horfur. Við kynntum leiðbeiningar um smitgát um borð í fiskiskipum auk tölulegra upplýsinga um sjúkdóminn á Íslandi.

Gott samband er á milli stéttarfélaganna í Nordisk og við teljum það styrk fyrir félögin að fylgjast hvert með öðru og halda reglulega þessa samráðsfundi.

Dagskrá síðasta fundar er hér fyrir neðan.

## **AGENDA**

### **NAVIGATÖRKONGRESSSENS ELEKTRONISKE MØTE**

#### **26. januar 2021 kl. 1000.**

1. Åpning av kongressen.
2. Godkjenning av agenda.
3. Godkjenning av referat fra navigatörkongressens teamsmøte 1. oktober 2020.
4. Muntlige beretninger fra organisasjonene, på PowerPoint eller lignende
  - a. Temabasert viktigste hendelser i forbundet og saker en ønsker skal behandles videre i Kongressen. Ledighetstall i landet og blant sjøfolk. Lønnsutviklingen, antall medlemmer og sjøfartspolitik. Noen ord om koronasituasjonen.

- A. Lederne Søfart, Danmark.
- B. Norsk Sjøoffisersforbund.
- C. Félag Skipstjórnarmanna, Island.
- D. Føroya Skipara- & Navigatørfelag.
- E. Finlands Skeppsbefälsförbund.
- F. Sjöbefälsforeningen, Sverige.

5. Forberedelse til møtet med sjøfartsdirektørene.

6. Saker sendt inn av medlemmene.  
Ingen saker innsendt.

7. Neste møte.

8. Eventuelt.